



Reykjavíkurborg

Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 12. mars 2020

SFS2018090095

6.0

HG/ag

Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Sumaropnanir leikskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 10. mars 2020 var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 6. mars 2020, um tilraunaverkefni um sumaropnun leikskóla sumarið 2020.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Viðreisnar, Samfylkingarinnar og Pírata í skóla- og frístundaráði fagna því að borgin sé að bjóða fjölskyldum borgarinnar upp á aukna þjónustu og sveigjanleika þegar það kemur að því að skipuleggja sumarleyfin sín. Það er ánægjulegt að sjá að í ár hefur verið tekið mið af þeim tillögum um úrbætur, sem fram komu í matsskýrslu sem var tekin saman eftir sumaropnunina 2019, við undirbúning fyrir sumarið 2020. Hér verður þó að taka inn í myndina að í ljósi aðstæðna, bæði vegna nýafstaðinna verkfalla og Covid19 faraldsins er mikilvægt að taka mið af ólíkum þörfum íbúa borgarinnar.

Erindið er hér með sent borgarráði til upplýsingar.

Virðingarfyllst

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Minnisblað, dags. 6. mars 2020



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tilraunaverkefni um sumaropnun leikskóla

Í samræmi við ákvæði í samstarfssáttmála meirihluta borgarstjórnar var samþykkt á fundi borgarstjórnar 4. september 2018 að einn leikskóli í hverju hverfi yrði opinn allt sumarið 2019. Skýrsla um verkefnið hefur þegar verið kynnt í skóla- og frístundaráði. Ákveðið hefur verið að hafa sama háttinn á sumarið 2020 og bjóða foreldrum aukinn sveigjanleika á orlofstímanum með því að sex leikskólar verði opnir, einn í hverju hverfi.

Þeir leikskólar sem verða opnir eru Bjartahlíð í Miðborg/Hlíðum, Rofaborg í Árbæ/Grafarholti, Lyngheimar í Grafarvogi, sem allir voru í verkefninu 2019 ásamt Bakkaborg í Breiðholti, Vinagerði í Laugardal/Háaleiti og Drafnarsteinn í Vesturbænum sem koma nýir inn í verkefnið. Þegar er hafinn undirbúningur að framkvæmdinni fyrir komandi sumar.

Í meginráttum verður framkvæmdin með sama sniði og sumarið 2019.

1. Foreldrum verður kynnt sumaropnunin í síðasta lagi mánudaginn 9. mars. Tilkynning komi frá skrifstofu skóla- og frístundasviðs sem leikskólastjórar sendi til foreldra.
2. Í mati á verkefninu 2019 kom fram að verkefnið hefði mátt kynna betur og nú er verið að útbúa auglýsingu sem leikskólastjórar munu hengja upp í fataklefa eða á öðrum áberandi stað auk þess sem vakin verður athygli á verkefninu á vef borgarinnar, með greinaskrifum og í fjölmiðlum. Þá fá foreldrar allra núverandi leikskólabarna auk þess bréf með upplýsingum um opnunina. Bréfið er sent út á íslensku, ensku, pólsku og filipísku. Leikskólastjórum er bent á að halda dagbók um hvernig verkefnið er kynnt fyrir foreldrum og skrá dagsetningar til að auðvelda mat á þessum þætti.
3. Foreldrar sækja um sumarleyfistíma á eyðublaði til deildarstjóra/leikskólastjóra. Umsóknunum verði skilað í síðasta lagi 25. mars. Umsóknin er bindandi.
4. Litið er svo á að þeir foreldrar sem ekki skila inn eyðublaði um sumarleyfistíma fyrir 25. mars fari í sumarleyfi á þeim tíma sem leikskólar barna þeirra loka, eða ef um sumaropnunarleikskóla er að ræða, fari í sumarleyfi frá 8. júlí til 6. ágúst.
5. Foreldrar sem munu sækja um vistun í sumaropnunarleikskólunum þurfa að sækja um samfellda vistun og að lágmarki eina viku.

6. Leikskólar sendi upplýsingar til sumaropnunarleikskóla með upplýsingum um þau börn sem ætla að nýta sér sumaropnunarúrræðið ásamt upplýsingum um starfsmann sem mun fylgja börnunum (Eyðublað fylgir í viðhengi). Upplýsingar um börnin þurfa að berast í síðasta lagi 27. mars.
7. Flytjist barn af leikskóla sem er með sumarlokun yfir í sumaropnunarleikskóla fer einn starfsmaður af fyrrnefnda leikskólanum með barni/börnum í sumaropnunarleikskólann til að aðlögun og yfirfærsla hafi sem minnst áhrif á vellíðan barnsins. Þessi starfsmaður er með barninu/börnunum í eina viku óháð því hversu lengi barnið mun dvelja í sumaropnunarleikskólanum. Meginmönnum vegna verkefnisins verður á hendi opna leikskólans.
8. Gerð verður krafa um að ef barn er með skilgreindan stuðning í 1. flokki, þá fylgi starfsmaður heimaleikskóla barninu í sumaropnunarleikskólann og er með barninu allan vistunartímann. Ef barn er með skilgreint stuðningsfjármagn í 2. flokki, skulu leikskólastjórar komast að samkomulagi um hvort fylgja þurfi barninu allan vistunartíma þess.

Í bréfi til foreldra kemur m.a. fram að börn skulu taka að minnsta kosti 20 daga samfleytt í sumarleyfi á sumarleyfistíma.

Eins og fram kom í skýrslu um verkefnið fyrir árið 2019 voru það foreldrar 128 barna sem nýttu sér úrræðið þar af fóru 28 börn úr heimaleikskóla í opinn leikskóla en foreldrar 100 barna sem áttu opnu leikskólana sem heimaleikskóla nýttu sér sveigjanleikann sem skapaðist til að taka sumarleyfi á öðrum tíma en skilgreindum megin sumarleyfistíma skólans.

Gert er ráð fyrir 34 milljónum í verkefnið á árinu 2020. Erfitt er að gera sér grein fyrir hver nýtingin verður sumarið 2020, en gera má ráð fyrir að hún aukist, vegna meiri kynningar og mögulega vegna verkfallsaðgerða í samfélaginu, sem geta haft áhrif á svigrúm foreldra til sumarorlofs. Hægt verður að taka saman mun nákvæmari upplýsingar um eftirspurn og kostnað eftir 25. mars nk. Þegar foreldrar eiga að vera búnir að skila inn umsóknum.